

BORGARRÁÐ 5. nóvember 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um þýðingar á vef Reykjavíkurborgar - R20110043

Af hverju eru ekki allar upplýsingar af vef Reykjavíkurborgar þýddar yfir á ensku? Á vef Reykjavíkurborgar má m.a. finna upplýsingar um þjónustu, viðburði á vegum borgarinnar og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Á enskri útgáfu síðunnar er ekki að finna allar þær upplýsingar t.a.m. um stjórnkerfi borgarinnar. Á vefsíðu Reykjavíkurborgar má sjá laus störf í boði en slíkt er ekki hægt að sjá á enskri útgáfu síðunnar. Hver er ástæðan fyrir því?